

stæða til að sekta hjeradsdómarann fyrir hann. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin ákærða Guðbjörg Guðmundsdóttir sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og hinn ákærði Guðmundur Guðmundsson 8 daga einföldu fangelsi. Um iðgjöld og málskostnað í hjerði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna eptir lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maímánaðar.

Nr. 9/1894:

Ólafur prestur Ólafsson á Lundi.

gegn

eigendum Gullberastaða, Jóni Jónssyni og Jóni Tómassyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað var fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Gullberastaða, gegn prestinum Ólafi

Ólafssyni sem staðarhaldara á Lundi út af ágreiningi um landamerki milli nefndra jarða Gullberastaða og Lundar, var landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðinn 8. október 1892 á þá leið, að landamerki milli Gullberastaða og Lundar skuli vera þessi: »Sjónhending ráði úr Grímsá upp í Hrafnagil eptir skurði á undirlendinu milli árinna og gilsins, síðan ráði Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins norður að Engjadalsá ráði lína, er dregin sje norður í Flókadalsá, þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana«. Samkvæmt dómnum skyldu dagpeningar dómenda, 69 kr., greiddast að helmingi, eða 34 kr. 50 a. af Jóni bónda Jónssyni, en hinn helmingurinn 34 kr. 50 a. skyldi greiddast af almannaþje, með því að verjandi í hjerði hafði fengið beneficium processus gratuiti fyrir Lundar stað. Dómi þessum hefur prestur Ólafur Ólafsson, beneficiarius á Lundi, að fenginni gjafsókn og samkvæmt uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 2. febr. þessa árs, stefnt auk Jóns Jónssonar einnig Jóni Tómassyni, sem nú er orðinn meðeigandi að Gullberastöðum, og látið hinn skipaða málsfærslumann sinn gjöra þær rjettarkröfur, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi að skadlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málfutningsmanns. Hinir stefndu hafa eigi mætt og enginn fyrir þeirra hönd, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skýrslum af hálfu

áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 15. ágústm. 1832, 8. gr.

Þó að Jóni Tómassyni hafi verið stefnt fyrir yfir-dóminn sem meðeiganda að Gullberastöðum, var hann þó eigi aðili máls í hjerði, þar sem hann eigi kærði það fyrir sáttanefnd, stefndi því ekki fyrir rjett, og eptir forsendum merkjadómsins er af undirdómaranum talinn standa fyrir utan málið, enda varð hann eigi meðeigandi að Gullberastöðum fyr en eptir að málið var löglega höfðað af rjettum aðila, sem var bær um einn út af fyrir sig að framhalda málinu til fullnaðardóms. Að því er snertir Jón Tómasson verður því að frávísa yfirdómsstefnunni.

Að því er landamerkin sjálf snertir, hefur áfrýjandi haldið því fram, að þar sem hinn áfrýjandi dómur hefur ákveðið, að þau skuli vera »úr upptökum Hrafna-gils norður að Engjadalsá eptir línu, er dregin sje norður í Flókadalsá, þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana«, — þá sjeu þetta eigi rjett merki nema upp á eða norður á háhálsinn, Lundarháls, en úr því eigi háhálsinn eða vatnahalli að ráða merkjum fram að Oddstaðalandi. Kemur þannig fram allstór landspilda, sem ágreiningur er um. Báðir málspartar hafa lagt fram nokkra vitnisburði málstað sínum til styrkingar og sína lögfestuna hvor frá 1879 og 1880, en þessi skjöl geta eigi álitizt að hafa neitt sönnunargildi, og eigi verður það heldur álitin nein sönnun, þó að þrætulandið í nýbýlingsbrjefi, útgefnu af stiptamtmani Trampe árið 1856 — dagsetning þess er eigi tilgreind — sje útvísað til nýbýlis með þeirri athugasemd, að hið útvísaða land áltist eign Lundar-prestakalls, enda var Gullberastöðaeiganda í

brjefinu geymdur óskertur betri rjettur hans til landsins, ef sannaður yrði, eins og umráðarjetti Lundarprests yfir þrætulandinu var þá og mótmælt af eiganda Gullberastaða, sem jafnvel gjörði tilraun til þess árið 1856, að láta fógeta bera nýbýlinginn út af landinu. Yfirhöfuð verður það eigi heldur sjeð af málskjölunum, að staðarhaldari að Lundi hafi nokkru sinni haft svo stöðug, yfirgripsmikil og langvarandi afnot af landinu, er hafi verið óátalin, að hann geti byggt tilkall sitt til þrætulandsins á fyrirmælunum í Jónsb. L.l.bálks 26. kap. i. f. Hið eina skilríki í málinu, er virðist geta haft nokkra þýðingu fyrir úrslit þess, enda byggir merkjadómurinn verulega á því, er útdráttur úr landamerkjaregistri Steingríms biskups Jónssonar, sem lítur út fyrir að vera samið eptir máldagabókum og vísitazíubókum Skálholtsbiskupsdæmis. Samkvæmt útdrætti þessum gjörði síra Eyjúlfrur Jónsson, prestur á Lundi, við vísitazíu árið 1647 grein fyrir landamerkjum staðarins að framan (gagnvart Gullberastöðum), eins og þau eru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en 1664 lýsir hann því yfir, að ætla má einnig við vísitazíu, að þó að hann hafi lýst landamerkjunum 1647, eins og hann þá gjörði, þá hafi hann þó jafnlega haft og haldið fram undir 30 ár undir Lundar stað til beitar og brúkunar upp- og fram eptir hálsinum á móts við Oddstaðaland svo langt upp á hálsinn sem vötnum hallar suður af, og svo segist hann heyrð hafa, að sjera Teitur Pjetursson hafi brúkað fyrir sig. Þessi yfirlýsing Eyjúlfs prests getur því eigi haft þá þýðingu, að Lundarstaður eptir henni geti nú haft tilkall til þrætulandsins samkvæmt Jónsb. Llb. 26. kap. i. f., því að það verður að láta svo á, að Eyjúlfrur prestur hafi notað landið, þótt

hann álitu, að það ekki heyrði undir Lund samkvæmt merkjalýsingu hans 1647.

Samkvæmt hinu framanritaða verður landamerkjadómurinn eigi ónýttur fyrir lögleysu að efni til, og með því að öðru leyti eigi er ástæða til að fella hann úr gildi, verður að staðfesta hann. Eftir úrslitum málsins verður málsfærslumanni áfrýjanda við yfirdóminn eigi dæmt málsfærslukaup, og eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Það er vitavert, að í þessu gjafsóknarmáli, sem tekið var undir dóm í hjerði hinn 29. júlí 1892, var dómur eigi kveðinn upp fyr en 8. október næst á eptir, og er þessi dráttur alls eigi nægilega rjettlættur af forseta merkjadómsins, þótt hann hafi gjört tilraun til þess. En þó þykir ekki alveg nægileg ástæða til þess, að láta þennan drátt varða sektum, sjerstaklega með tilliti til þess, að umboðsmaður áfrýjanda hefur ekki krafizt þess. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið viðunanlegur, og sókn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Yfirdómsstefnunni frávíssast að því er Jón Tómasson snertir. Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 2/1894:

Guðmundur Gíslason
gegn
Jóni Laxdal Gíslasyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í hjerði stefndi Jón Laxdal